



Dómgæsla í holukeppni

Dómgæsla í holukeppni er að mörgu leyti frábrugðin dómgæslu í högggleik. Verksvið dómara er ólíkt og sömuleiðis eru ýmsar reglur frábrugðnar reglum í högggleik. Hér á eftir er tæpt á helstu atriðum sem hafa þarf í huga.

Hlutverk og vald dómara

Fjallað er um hlutverk og vald dómara í skilgreiningu á hugtakinu dómari og í lið 6C(1) í Verklagi nefnda. Þar kemur fram grundvallarmunur eftir því hvort dómari fylgir tilteknum leik eða ekki.

Dómari sinnir fleiri en einum leik

Í holukeppnum á Íslandi fylgja dómarar sjaldnast ákveðnum leik heldur eru þeir til taks á hluta vallarins eða sjá jafnvel um dómgæslu fyrir alla leiki á vellinum.

Í slíkum tilfellum segir liður 6C(1) í Verklagi nefnda:

Þar sem dómari fylgir ekki leiknum alla umferðina ætti hann ekki að skipta sér af leik nema í eftirfarandi tilvikum:

- Þegar leikmaður í leiknum óskar eftir aðstoð vegna reglnanna eða biður um úrskurð (sjá reglu 20.1b(2)). Þegar dómari úrskurðar að ósk leikmanns ætti dómari alltaf að staðfesta að óskin um úrskurð hafi verið borin fram tímanlega (sjá reglur 20.1b(2) og 20.1b(3)).
- Þegar leikmaður eða leikmenn kunna að brjóta reglu 1.2b (hegðunarreglur), reglu 1.3b(1) (tveir eða fleiri leikmenn sammælast vísvitandi um að hunsa reglu eða víti sem þeir vita að á við), reglu 5.6a (óhæfileg töf) eða reglu 5.6b (leikhraði).
- Þegar leikmaður mætir of seint á fyrsta teig (regla 5.3).
- Þegar tími leikmanns við leit að bolta nær þremur mínútum (sjá reglu 5.6a og skilgreiningu á „týndur“).

Þetta þýðir að dómarar mega ekki skipta sér af leik að fyrra bragði nema vegna þessara fjögurra tilvika, jafnvel þótt þeir sjái leikmenn brjóta golfreglur. Hugsunin er sú að mótherjinn beri alla ábyrgð á því að gæta sinna hagsmuna.

Dómari fylgir einum leik alla umferðina

Ef dómari fylgir einum leik alla umferðina er hlutverk hans allt annað en ef hann er einfaldlega til taks vegna margra leikja. Mikilvægt er að dómararnir stilli sig inn á breytt verklag vegna slíkrar dómgæslu, samanborið við þegar dómari sinnir mörgum leikjum.

Liður 6C(1) segir nefnilega:

Þar sem dómari fylgir leiknum alla umferðina er hann ábyrgur fyrir að bregðast við öllum reglubrotum sem hann sér eða er sagt frá (sjá reglu 20.1b(1) og skilgreiningu á „dómara“).

Þetta þýðir gjörólíka aðkomu dómarans að leiknum, s.s.:

- Dómari þarf að vera mjög vel vakandi fyrir öllu því sem leikmennirnir gera. Dómari reynir að grípa inn í og forða leikmanni frá því að baka sér víti en ef dómari sér annan hvorn leikmanninn brjóta reglurnar verður hann að grípa inn í og beita því víti sem við á. Hinn leikmaðurinn þarf ekki að gera kröfu í þessum tilfellum.
- Leikmennirnir geta ekki komist að samkomulagi um niðurstöðu andstæða reglunum. Í reglu 20.1b(1) segir að almennt megi leikmenn í holukeppni komast að samkomulagi til að útkljá álitamál um reglurnar, en „ef dómari er tilnefndur til að fylgja leiknum verður dómari að

úrskurða um öll álitamál sem berast tímanlega til hans og leikmenn verða að fylgja slíkum úrskurðum“.

Sjá nánari umfjöllun um verklag dómara þegar þeir fylgja einum leik aftast í þessu skjali.

Sérstök víti í holukeppni

Þegar víti í högggleik og holukeppni eru borin saman er almenna reglan sú að eins höggs víti eru eins í báðum tilvikum, en tveggja högga víti í högggleik verða að holutapi í holukeppni.

Regla 4.1b um hámarksfjölda kylfa hefur sérstakt vítaákvæði í holukeppni þar sem refsingin felst ekki í holutapi, heldur í leiðréttri leikstöðu. Ef það uppgötvast t.d. á 3. holu að annar leikmaðurinn er með 15 kylfur er refsingin sú að leikstaðan er leiðrétt með því að draga frá tvær holur. Ef leikmaðurinn var tvær holur upp eftir tvær holur breytist staðan þannig að allt er jafnt. Ef leikmaðurinn var tvær holur niður eftir tvær holur breytist staðan þannig að hann er fjórar holur niður eftir tvær holur.

Gefinn leikur, hola eða högg (regla 3.2a)

Gefa má leik hvenær sem er áður en honum lýkur og sömuleiðis má gefa holu hvenær sem er áður en leik um hana lýkur.

Það er misskilningur að leika þurfi upphafshögg á holu áður en gefa má holuna. Til að semja um að hola falli þarf þó a.m.k. annar leikmannanna að slá upphafshögg á holunni.

Gefa má högg hvenær sem er, ef boltinn er í kyrrstöðu. Eftir að högg hefur verið gefið má leikmaðurinn samt sem áður ljúka leik um holuna. Slíkt telst aldrei æfing, sbr. reglu 5.5a: „*Eftirfarandi eru ekki æfingahögg: ... Högg, slegin af leikmanni við að ljúka holu þegar úrslit holunnar liggja fyrir.*“

Ekki má afþakka svona gjöf, né draga hana til baka. Ef t.d. leikmaður í fjórmenningi gefur pútt er ekki hægt að draga það til baka, jafnvel þótt samherjinn hafi verið ósammála því að gefa púttið.

Vafi (regla 20.1)

Í högggleik má keppandi leika tveimur boltum, skv. reglu 20.1c(3), ef hann er í vafa um hvað hann megí gera. Þetta er óleyfilegt í holukeppni.

Þess í stað gildir regla 20.1b(2) um að leikmaður megí óska eftir úrskurði ef ágreiningur er milli leikmanna um hvað megí gera. Ósk um úrskurð verður að vera lögð fram tímanlega. Best er að sjálfsögðu að kalla á dómara og fá strax úrskurð hjá honum en ef dómari er ekki tiltækur nægir að láta mótherjann vita að óskað verði eftir úrskurði síðar.

Að leggja ósk um úrskurð fram tímanlega felst í því að það sé gert áður en nokkur í ráshópnum leikur af næsta teig, eftir að leikmaðurinn vissi um málið (eða áður en úrslit eru endanleg ef málið kemur upp á 18. holu).

Einungis leikmennirnir sjálfir geta lagt fram kröfu. Kylfuberar eða liðsstjórar í sveitakeppnum hafa t.d. ekki þetta vald. Því er mikilvægt að dómara taki kröfu ekki til greina nema hún komi frá leikmanni. Hafið þó í huga að þótt samherjar í fjórmenningi séu ósammála um að leggja fram kröfu nægir að annar þeirra leggi kröfunu fram.

Ef leikmaður biður dómara um úrskurð eftir á er mikilvægt að dómariinn fullvissi sig um að þessum skilyrðum sé fullnægt. Ella má hann ekki dæma víti á leikmann. Tökum sem dæmi að leikmaður hringi í dómara af 12. teig og spyrji hver sé refsing mótherjans fyrir að hafa 15 kylfur í golfpokanum. Þá er rétt að spyrja leikmanninn fyrst að því hvenær hann uppgötvaði að mótherjinn hafði of margar kylfur. Er svarið er að það hafi verið á 9. holu er leikmaðurinn of seinn að leggja fram ósk um úrskurð.

Að horfa fram hjá reglubrotum mótherja (reglur 3.2d(4) og 1.3c(3))

Leikmaður í holukeppni má horfa fram hjá reglubrotum mótherja síns, þ.e. hann þarf ekki að gera kröfu um refsingu þótt hann sjái mótherjann brjóta golfreglu, sbr.: „Ef leikmaður veit eða heldur að mótherjinn hafi brotið reglu sem leiðir til vítis má leikmaðurinn bregðast við eða líta fram hjá reglubrotinu“.

Þetta er þó háð því skilyrði að leikmennirnir komi sér ekki saman um að sniðganga reglur. Geri þeir það hljóta báðir (allir) frávísun, sbr.: „Á hinn bóginn ef leikmaðurinn og mótherjinn koma sér vísitandi saman um að líta fram hjá reglubroti eða víti sem þeir vita að á við, hljóta báðir leikmennirnir frávísun samkvæmt reglu 1.3b“.

Ef dómari fylgir leiknum ætti þessi staða ekki að koma upp, þar sem dómari ætti að sjá reglubrotið og hann er skyldugur til að beita reglunum, óháð því hvað mótherjanum finnst um það. Sjá reglu 20.1b(1).

Æfing á milli umferða (regla 5.2)

Í holukeppni má leikmaður æfa sig að vild á keppnisvellingum milli umferða, sbr.: „Leikmaður má æfa á vellingum fyrir umferð eða á milli umferða í holukeppni“.

Mótsstjórn kann þó að vilja banna slíkt, en það ætti þá að auglýsa á upplýsingatöflu og kynna á liðsstjórafundum, ef um sveitakeppni er að ræða.

Upplýsingar um höggafjölda – rangar upplýsingar (regla 3.2d)

Eðli holukeppni er þannig að báðir leikmennirnir eiga rétt á að vita stöðu leiksins á hverjum tíma. Því eru gerðar ríkar kröfur til leikmanna í holukeppni um að þeir upplýsi mótherjann eins fljótt og hægt er ef hann bakar sér víti. Leikmaður tapar holunni ef hann gefur mótherjanum rangar upplýsingar.

Það teljast rangar upplýsingar ef hann (a) tilkynnir ekki um vítahögg eins fljótt og hægt er, nema mótherjinn hafi séð leikmanninn taka víti, eða (b) segir rangt til um höggafjölda á meðan verið er að leika holu. Leikmaðurinn losnar þó undan vítinu ef hann leiðréttir sig áður en mótherjinn slær næsta högg.

Það teljast líka rangar upplýsingar ef leikmaður gefur upp rangt skor á holu, eftir að leik um hana er lokið og það hefur áhrif á hver úrslit holunnar voru. Leikmaðurinn losnar þó undan vítinu ef hann leiðréttir sig áður en mótherjinn leikur af næsta teig.

Ef dómari fylgir leiknum og beitir annan leikmanninn víti þarf dómari að tryggja að mótherjinn viti af vítinu. Oft er mótherjinn það nærri að hann sér t.d. að leikmaðurinn dæmir bolta ósláanlegan eða tekur víti út úr vítasvæði. Ef dómari telur einhvern vafa um að mótherjinn viti af vítinu ætti hann að láta mótherjann vita, t.d.: „Óli fékk eitt högg í víti fyrir að valda því að boltinn hreyfðist“.

Rangur bolti (regla 6.3c)

Ef leikmaðurinn eða mótherjinn slá röngum bolta við leik holu fær sá sem fyrst sló högg að röngum bolta almenna vítið (holutap).

Ef ekki er vitað hvorum ranga boltanum var leikið fyrst er það vítalaust og ljúka verður holunni með boltunum víxluðum.

Leikið í rangri röð (regla 6.4)

Í holukeppni á sá sem er lengra frá holunni að leika næstur. Ef leikmaður leikur í rangri röð er ekki um eiginlega refsingu að ræða, heldur má mótherjinn afturkalla höggið. Það verður hann þó að gera áður en næsta högg er slegið. Sá sem lék í rangri röð lætur þá bolta á staðinn þaðan sem hann lék (ekki endilega upphaflega boltann).

Ef dómari fylgir leiknum ætti þetta þó að öllu jöfnu ekki að gerast, því eitt helsta hlutverk dómarans er að ákvarða hver eigi að leika næst. Ef dómara sýnist að leikmaður ætli að leika í rangri röð ætti dómari að benda leikmanninum á það.

Leikið utan teigsins (regla 6.1b)

Ef leikið er utan teigmerkja gildir sama regla og þegar leikið er í rangri röð. Ekki er um eiginlega refsingu að ræða, en mótherjinn getur afturkallað höggið, geri hann það áður en næsta högg er slegið.

Ef dómari fylgir leiknum ætti þetta þó að öllu jöfnu ekki að gerast. Ef dómara sýnist að leikmaður ætli að leika utan teigsins ætti dómari að benda leikmanninum á það.

Flaggstangar gætt án leyfis (regla 13.2)

Vert er að leiðrétta gamalgróna þjóðsögu um að leikmaður tapi holunni ef hann heldur við flaggstöngina þegar mótherjinn púttar og mótherjinn hefur ekki beinlínis beðið hann um það.

Regla 13.2a(4) segir að leikmaðurinn tapi holunni ef hann gætir flaggstangarinnar, fjarlægir hana eða heldur henni á lofti án leyfis **eða fyrri vitundar** mótherjans. Þetta er því vítalaust ef mótherjinn vissi að haldið væri við flaggstöngina þegar hann púttaði.

Þá má nefna að regla 13.2a gildir jafnt í höggleik og holukeppni.

Bolti hreyfður af mótherja (regla 9.5)

Ef leikmaður veldur því að bolti mótherja hreyfist eða snertir hann viljandi hlýtur leikmaðurinn eitt högg í víti. Frá þessu eru nokkrar undantekningar:

- Ef mótherjinn veldur hreyfingu boltans við leit að boltanum.
- Ef mótherjinn ætlar að gefa leikmanninum högg, holu eða leikinn.
- Ef leikmaðurinn biður mótherjann um að lyfta boltanum.
- Ef þetta gerist fyrir slysi á flötinni, t.d. ef mótherjinn ruglast og merkir og lyftir bolta leikmannsins því hann heldur að þetta sé sinn bolti.
- Ef þetta gerist við að framfylgja reglu.

Bolti hittir mótherja, kylfubera hans eða útbúnað (regla 11.1)

Það er vítalaust þótt bolti leikmanns hitti af slysi mótherja leikmannsins, kylfubera eða útbúnað. Boltanum er leikið þar sem hann liggur, nema ef boltinn stöðvast á einhverju á hreyfingu (sbr. undantekningu 1 við reglu 11.1b) eða ef boltanum var leikið af flötinni og hann hitti af slysi einstakling, dýr eða hreyfanlega hindrun sem er líka á flötinni (sbr. undantekningu 2 við reglu 11.1b).

Bolti hittir annan bolta á flötinni (regla 11.1)

Regla 11.1a og undantekning 2 við reglu 11.1b segir að þótt bolti sem púttað er á flötinni hitti annan bolta sem fyrir var á flötinni er það vítalaust í holukeppni. Boltinn sem var kyrrstæður er settur á sinn stað (sbr. reglu 9.5), en hinum er leikið þaðan sem hann stöðvast.

Bolta á holubrún lyft eða hreyfður áður en biðtími er liðinn (regla 13.3b)

Ef mótherji í holukeppni lyftir vísvitandi eða hreyfir bolta leikmannsins þegar boltinn er yfir holubrún og biðtíminn er ekki liðinn þá er litið á bolta leikmannsins sem í holu með síðasta höggi hans og mótherjinn fær ekki víti samkvæmt reglu 11.2b.

Ef dómari fylgir leiknum ætti hann að vera vakandi fyrir þessum möguleika og stöðva mótherjann ef dómaranum sýnist mótherjinn ætla að hreyfa boltann of snemma.

Fjórmenningur (regla 22)

Í fjórmenningi leika samherjar til skiptis af teig. Sá sem slær upphafshögg af 1. teig slær því upphafshögg á öllum holum með oddatölu og samherjinn af teig á öllum holum með jafnri tölu.

Eftir upphafshöggið leika samherjar til skiptis. Vítahögg hafa ekki áhrif á leikröðina. Ef upphafshögg er t.d. slegið út fyrir vallarmörk leikur samherjinn 3. högg af teignum.

Ef samherjar leika í rangri röð tapa þeir holunni.

Ef leikmaður slær bolta þannig að leika þarf varabolta á samherjinn að slá varaboltann.

Ef lið þarf að láta bolta falla, t.d. vegna lausnar frá óhreyfanlegri hindrun, á sá að láta boltann falla sem næstur á að leika.

Ef högg er afturkallað, t.d. vegna þess að leikið var utan teigmerkja, á sá að leika sem sló höggið sem var afturkallað.

Bráðabani í holukeppni

Ef leikur er jafn eftir 18 holur og knýja þarf fram úrslit telst áframhaldandi leikur vera framlenging fyrirskipaðrar umferðar. Það þýðir t.d., ólíkt högggleik, að leikmaður má ekki skipta um kylfur áður en leik er haldið áfram.

Að öllu jöfnu hefst bráðabaninn á upphafsholu leiksins og er leikinn í sömu röð og leikurinn var leikinn. Ef leikmenn eru t.d. ræstir út af 10. teig og eru jafnir eftir 18 holur er haldið aftur á 10. teig og leikið þar til úrslit liggja fyrir. Mótsstjórn getur þó ákveðið aðra röð, sbr. reglu 3.2a(4).

Ráðlegging í sveitakeppnum

Skv. keppnisreglur GSÍ getur lið tilnefnt einn aðila sem má ráðleggja þeim sem skipa liðið, til viðbótar kylfubrum sem leikmenn kunna að hafa. Þótt golfreglurnar leyfi að takmarkanir séu settar um hvað viðkomandi aðili megi gera (s.s. að hann megi ekki fara inn á flatir) hefur ekki tíðkast í sveitakeppnum GSÍ að setja slíkar takmarkanir.

Ef sá sem gefur ráð er einnig leikmaður (t.d. spilandi liðsstjóri) má hann ekki gefa ráð á meðan hann er að spila, öðrum en samherja sínum í fjórmenningi.

Skv. golfreglum og keppnisreglur GSÍ þarf að gera mótsstjórn grein fyrir því fyrir fram hvaða einstaklingur muni nýta þessa heimild fyrir hönd sveitarinnar. Þetta hefur yfirleitt verið útfært þannig að berist engin slík tilnefning frá liði til mótsstjórnar lítur mótsstjórn svo á að liðsstjóri sveitarinnar hafi heimildina. Eigi einhver annar einstaklingur að vera í þessu hlutverki þurfi hins vegar að tilkynna mótsstjórninni það. Rétt er að benda á þetta á liðsstjórafundi.

Dómari fylgir einum leik alla umferðina

Eins og fyrr segir er hlutverk dómara gjörólíkt eftir því hvort hann fylgir einum leik alla umferðina eða ekki. Fylgi dómari einum leik er hann á vissan hátt virkur þátttakandi í leiknum, í stað þess að bíða eftir því að álitaefni séu borin undir hann.

Undirbúningur

Dómari sem fylgir leik þarf að undirbúa sig á hefðbundinn hátt fyrir dómgæsluna en sömuleiðis að búa sig á sama hátt og þegar hann fer sjálfur að leika, s.s.:

1. Rifja upp sérreglur um holukeppni, keppnisskilmála og staðarreglur. T.d. er vert að minna á að þótt æfingahögg á eða nærri síðustu flöt séu bönnuð í högggleik í GSÍ mótum er þau leyfð í holukeppni, sbr. reglu 5.5b, svo fremi að það tefji ekki leik og að ekki sé slegið högg úr glompu.
2. Kynna sér reglugerð mótsins. M.a. þarf dómari að standa klár á því hvort jöfnum leik verður hætt eftir 18 holur eða hvort leika eigi bráðabana. Í Íslandsmótum í holukeppni er alltaf leikið til þrautar en í Íslandsmótum golfklúbba er það breytilegt.
3. Hafa skorkort, skriffæri, staðarreglur og skeiðklukku. Einnig er ágætt að hafa fjarlægðarkíki meðferðis.
4. Rýna vel í veðurspána og klæða sig í samræmi við það. Ef dómari er gangandi er skynsamlegt að hafa lítinn bakpoka fyrir smáhluti, s.s. húfu, lúffur og nesti. Ef í vafa er betra að klæða sig meira en minna.

Á upphafsteig

Dómari ætti að vera kominn tímanlega á upphafsteig og kynna sig og heilsa leikmönnum. Að því loknu ætti dómari að kynna í örstuttu máli hlutverk sitt fyrir leikmönnum, t.d.:

Sælar/Sælir

Ég heiti X og verð dómari í ykkar leik.

Ég mun halda utan um og tilkynna stöðu leiksins eftir hverja holu. Að öðru leyti mun ég grípa inn í ef ég sé einhver reglubrot og skera úr um vafamál, svo sem hvor eigi að leika næst. Að leik loknum mun ég svo sjá um að skila úrslitum til mótsstjórnar.

Ef þið gefið högg eða holu bið ég ykkur um að gera það þannig að ég sjái eða heyri.

Gangi ykkur vel.

Ef dómari fylgja leikjum í fleiri en einni umferð er óþarfi að fara með alla rulluna í hverri umferð, í síðari umferðum nægir að heilsa leikmönnum, kynna sig og óska þeim góðs gengis.

Ef leikmennirnir tilkynna ekki tegund og númer boltans sem þeir leika er eðlilegt að spyrja þá að því.

Á hverri holu

Eftirfarandi eru dæmigerð mál sem dómari sem fylgir leik þarf að sinna:

1. Telja hvert einasta högg hjá leikmönnum.
2. Á teig, athuga hvort boltinn er ekki örugglega innan teigsins. Vara leikmanninn við ef svo er ekki.
3. Ákveða hver eigi að leika næst. Leikröðin er „heilög“ í holukeppni og það er dómars að ákveða hver eigi að leika næst ef einhver vafi vaknar:
 - a. Eftir teighögg og innáhögg er ágætt að reyna að vera aðeins á undan leikmönnum að boltunum. Þannig gefst smá tími til að ákveða hvor boltinn er fjær holunni.
 - b. Ef augljóst er hvor er fjær holunni þarf ekkert að bregðast við.
 - c. Ef boltarnir eru ekki mjög langt frá hvor öðrum getur dómari notað eigin kíki til að mæla fjarlægðina til holunnar.
 - d. Ef tímafrekara er að fara á milli boltanna til að mæla er einfaldast að biðja leikmennina um að mæla það sjálfir (t.d. ef boltarnir eru í karga sitt hvoru megin við brautina).
 - e. Ef boltarnir eru á flötinni er oft auðveldast að sjá hvor boltinn er fjær með því að standa við holuna.
 - f. Ef það dugar ekki til er eðlilegt að skrefa fjarlægðina frá holunni að hvorum bolta.
 - g. Ef boltarnir eru nærri holunni er mjög gott að hafa snæri sem hægt er að húkka í flaggstöngina til að mæla. Annars er stundum hægt að nota flaggstöngina sjálfa til að mæla.

- h. Ef útilokað er að ákvarða á tiltölulega stuttum tíma hvor boltinn er fjær holunni er eðlilegast að kasta upp á það. Til þess er ágætt að hafa tiltæka mynt eða eitthvað til að kasta upp á það hvor leikur næst.
 - i. Ef dómaraþum sýnist að leikmaður sé að fara að leika í rangri röð er eðlilegt að benda honum á það. Slái leikmaðurinn samt boltann hefur mótherjinn rétt á að afturkalla höggið, sbr. reglu 6.4.
- 4. Taka tímann þegar leitað er að bolta og tilkynna hvenær leitartímanum er lokið.
 - 5. Ef bolti stöðvast yfir holubrun þarf dómari að vera vakandi fyrir því að mæla hvort 10 sekúndna biðtíminn er liðinn ef boltinn dettur í holuna. Einfaldast er að hafa skeiðklukku alltaf tiltæka. Þó þarf að hafa í huga að setja skeiðklukkuna ekki í gang fyrr en leikmanninum hefur gefist „*eðlilegur tími til að fara að holunni*“, sbr. reglu 13.3a.
 - 6. Tilkynna við lok hvernig holu hvernig holunni lauk og hver staðan er. T.d.: „*Kristján 4, Egill 5, Kristján er eina holu upp*“ eða „*Kristján 4, Egill 4, leikurinn er jafn*“. Venjan er að lesa alltaf fyrst skor þess leikmanns sem sló fyrstur á 1. teig. Ef annar leikmaðurinn er orðinn dormie er það tekið fram, t.d. eftir lok 16. holu: „*Kristján 4, Egill 5, Kristján er tvær holur upp og dormie*“.
 - 7. Skrá skor leikmannanna og stöðu leiksins við lok hvernig holu.
 - 8. Skrá skor í Golfbox við lok hvernig holu, fari mótstjórn fram á það. Ef hola er gefin eða leikmaðurinn fær holutapsvíti er einfaldast að skrá 9 högg á holuna (að því gefnu að það dugi til að mótherjinn vinni holuna!).
 - 9. Tilkynna úrslitin við lok síðustu holunnar, t.d. við lok 16. holu: „*Kristján 4, Egill 5, Kristján sigir 3 og 2*“. Þegar líður að lokum leiksins þarf dómari að vera vel vakandi fyrir því hvenær leiknum lýkur. Það getur verið ansi vandræðalegt ef dómari áttar sig ekki á því að leiknum er lokið!

Að leik loknum

Eftir að hafa óskað sigurvegaranum til hamingju og þakkað leikmönnum fyrir samfylgdina þarf dómari að fylla út úrslitablaðið og skila því til mótstjórnarinnar.

Að forða leikmanni frá því að brjóta reglurnar

Eftirfarandi eru nokkur dæmi um tilvik þar sem dómari ætti að hafa frumkvæði að því að leiðbeina leikmanni:

- 1. Fylgjast með því að leikmenn tíu upp innan teigsins og benda leikmanninum á það ef svo er ekki.
- 2. Stöðva leikmann sem er að fara að leika í rangri röð.
- 3. Spyrra leikmann sem er að fara að leika öðrum bolta án þess að hafa tilkynnt að það sé varabolti hvort boltinn er varabolti. Þær aðstæður geta þó auðvitað komið upp að augljóst er að leikmaðurinn er ekki að fara að leika varabolta og þá getum við sleppt því að spyrra.
- 4. Benda leikmanni á ef hann lætur bolta falla á rangan hátt eða á röngum stað.
- 5. Benda leikmanni á ef hann virðist ætla að leika bolta sem hefur verið látinn falla og ekki stöðvast innan lausnarsvæðisins.
- 6. Ef leikmaður færir merki sitt á flötinni, tryggja að hann færi merkið til baka áður en hann púttar.

Að ganga með leikmönnum

Ein helsta kúnstin fyrir dómara við að fylgja leik á þennan hátt er að vera það nærri leikmönnum að dómari geti séð sem mest af athöfnum leikmannanna við bolta sína en þó án þess að þvælast fyrir eða trufla leikmennina.

Á teignum þarf dómari að vera þannig staðsettur að hann sjái hvort leikmennirnir hafi ekki örugglega tíað bolta sinn innan teigsins.

Eftir teighöggið þarf dómariinn að reyna að vera þannig staðsettur að hann sjá til leikmannsins við boltann, þegar leikmaðurinn tekur æfingasveiflu, fjarlægir lausung o.s.frv.

Að öllu jöfnu ætti dómariinn ekki að þurfa að fara inn á flatir, nema þá til að ákvarða hvor boltinn er fjær holunni.

Mikilvægt er að leikmennirnir hafi þá tilfinningu að dómariinn sé algjörlega hlutlaus. Til að koma því til skila ætti dómariinn að forðast allt almennt spjall við leikmennina, hversu vel sem dómariinn kann að þekkja þá. Einfaldast er að eiga ekkert frumkvæði að slíku spjalli, nema það tengist beinlínis golfreglunum og leiknum.

Sjálfsgætt er að dómariinn taki þátt í leit að boltum. Áður en dómariinn byrjar að leita þarf hann samt að vera fullviss um að leikmaðurinn vilji finna boltann, hafi hann leikið varabolta. Mikilvægast er að dómariinn sé með á hreinu hvernig leitartímanum líður og að hann tilkynni strax og tíminn er liðinn.

Sú staða getur komið upp að dómariinn geti ekki fylgst almennilega með höggum beggja leikmannanna, t.d. ef þeir eru í karga sitthvori megin við brautina. Einfaldast er þá að einbeita sér hverju sinni að þeim bolta sem á að leika næst. Undantekning frá þeirri reglu kann að vera ef aðstæður við seinni boltann eru þannig að eðlilegra sé að fylgjast betur með honum, t.d. ef þeim bolta er leikið úr glompu eða ef sá leikmaður dæmir bolta sinn óslánlegan.

Að fá álit annarra

Í lið 6C(6) í Verklagi nefnda segir: „Ef leikmaður er ósammála ákvörðun dómara í holukeppni eða höggleið á leikmaðurinn að öll jöfnu ekki rétt á að fá álit annarra, hvort sem er annars dómara eða nefndarinnar (sjá reglu 20.2a). Þó getur dómari í þessari stöðu samþykkt að leita álits annarra“.

Í GSÍ reglugerðum um mót þar sem keppt er í holukeppni eru eftirfarandi kröfur gerðar til yfirdómara:

- Íslandsmót í holukeppni karla og kvenna – Alþjóðadómari.
- Íslandsmót í holukeppni unglínga – Landsdómari.
- Íslandsmót golfklúbba í karla- og kvennaflokkum – Landsdómari í 1. og 2. deild, annars héraðsdómari.
- Íslandsmót golfklúbba í karla- og kvennaflokkum – Landsdómari í 1. deild og 2. deild karla, annars héraðsdómari.
- Íslandsmót golfklúbba í unglíngaflokkum – Héraðsdómari.

Í þeim tilfellum að dómari með minni réttindi en yfirdómariinn taka þátt í dómgæslu er eðlilegt að dómariinn samþykki að leitað sé álits yfirdómarans, ef leikmenn óska eftir því. Önnur framkvæmd myndi grafa undan tilgangi reglugerðanna, t.d. ef héraðsdómari á lokaorð um álitafni í móti þar sem gerð er krafa um að yfirdómari sé landsdómari. Þrátt fyrir þetta er ekki endilega ástæða til að nefna þennan möguleika að fyrra bragði við leikmenn.

Hörður Geirsson
júní 2021